



Grundarfjarðarbær á Snæfellsnesi

Ljósmynd © Mats



Stækkun og efling sveitarfélaga:

Ein mesta byggðaaðgerð Íslandssögunnar

Félagsmálaráðuneytið hóf, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, sérstakt átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins haustið 2003. Markmið verkefnisins er að treysta og efla sveitarstjórnstigið með aukinni valddreifingu hins opinbera og stækkun sveitarfélaga þannig að þau myndi heildstæð atvinnu- og þjónustuvæði.

Sameining sveitarfélaga í öflugar stjórnsýslu- og þjónustueiningar sem ná yfir heildstætt atvinnu- og þjónustuvæði er fyrsta skrefið að eflingu sveitarstjórnarstigsins til framtíðar. Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga má gera verkaskiptingu hins opinbera skýrari með flutningi ýmissa nærþjónustuverkefna frá

ríki til sveitarfélaga og styrkja þannig innviði sveitarfélaga og gera velferðarþjónustu aðgengilegri fyrir íbúana.

Öflugri sveitarfélög sem ná yfir heildstæð atvinnu- og þjónustuvæði eru betur í stakk búin til að taka virkan þátt í atvinnu- og byggðaðróun og þar með efla búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Hægt er að leiða líkum að því að verkefnið sé ein mesta byggðaaðgerð sögunnar og því mikilvægt að allir leggist á eitt svo efla megi sveitarstjórnstigið til framtíðar.

Sjá nánar á bls. 10



Viðræður ríkis og sveitarfélaga um

breytt hlutverk sveitarfélaga í húsnæðismálum

Samkvæmt breytingalögum nr. 120/2004, á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, er veitingu viðbótarlána hætt. Viðbótarlánin tóku við af félagslega eignaríbúðakerfinu með lögum nr. 44/1998. Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu sveitarstjórnir, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt fær um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Viðbótarlánin voru verkefni sveitarfélaga og var umsýsla, ákvörðunarvald og ábyrgð á lánunum á vegum þeirra. Sveitarfélögin mættu ábyrgð á viðbótarlánunum með því að greiða sérstakt ábyrgðargjald í Varasjóð húsnæðismála sem er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaganna. Ábyrgðargjaldið var í upphafi 5% af viðbótarlánunum en var lækkað í 4% í október 2003. Sveitarfélög bera þannig sameiginlega ábyrgð á veittum viðbótarlánunum með ábyrgðargjaldinu.

Í stað viðbótarlána er nú veitt 90% lán upp að vissu hámarki og er ábyrgð lána og umsýsla alfarið á herðum Íbúðalánasjóðs. Með vísan til ofangreindra breytinga á lögum um húsnæðismál hefur félagsmálaráðherra kallað saman starfshóp til að ræða breytt hlutverk sveitarfélaga í húsnæðismálum. Viðfangsefni starfshópsins er að fjalla um framtíð Varasjóðs húsnæðismála með hliðsjón af breyttum forsendum og núverandi viðfangsefnum sjóðsins varðandi félagslegar íbúðir sveitarfélaga. Einnig með tilliti til niðurstaðna nefndar sem skipuð var til að yfirfara stöðu leigumarkaðar og skilaði tillögum 5. nóvember 2004.

Í starfshópnum eru Halldór Halldórsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hallgrímur Guðmundsson stjórnsýslufræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður starfshópsins. Sigurður Árnason, framkvæmdastjóri Varasjóðs húsnæðismála, mun vinna með starfshópnum.



Félagsmálaráðuneytið
Fréttabréf
1. tbl. 16. árg. - febrúar 2005

Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Arnljótsdóttir - **Ritstjóri:** Sigurjón Örn Þórsson
Hönnun og umbrot: ENNEMM - **Ljósmyndir:** Jóhann Pálsson, Gunnar G. Vigfússon, Mats Wibe Lund, Arnar Pálsson o.fl. - **Útgefandi:** Félagsmálaráðuneytið - **Netfang:** postur@fel.stjr.is - **Veffang:** felagsmalaraduneyti.is
Prentun: Prentmet ehf.

Mörg sóknarfæri



Árni Magnússon félagsmálaráðherra

Ágæti lesandi.

Nafngiftin „félagsmálaráðuneyti“ gefur ekki nema að litlum hluta mynd af því hver verkefni ráðuneytisins eru. Segja má að innan þess séu í raun nokkur ráðuneyti, þ.e. ráðuneyti jafnréttismála, sveitarstjórnarmála, vinnumarkaðsmála, húsnæðismála og síðast en ekki síst ráðuneyti fjölskyldumála þar sem einkum er fjallað um málefni barna, fatlaðra og útlendinga og félagsþjónustu sveitarfélaga. Þessi mikla breidd og fjölbreytni gerir það að verkum að verkefni og sóknarfæri eru fjölmörg en ábyrgðin að sama skapi mikil.

Frá því ég settist í stól félagsmálaráðherra hef ég kappkostað að sinna öllum þeim málaflökum sem heyrir undir ráðuneytið. Óhætt er að fullyrða að húsnæðismálin hafi tekið verulegan hluta af starfstíma ráðuneytisins undanfarið. Eins og kunnugt er tóku breytingar á lögum um húsnæðismál gildi í lok síðasta árs og fólu í sér innleiðingu á hækkun láns hlutfalls almennra íbúðalána íbúðalánasjóðs í 90% af verði hóflegar íbúðar. Þessar breytingar hafa leitt til einnar mestu kjarabótar síðari tíma í formi verulegrar lækkunar vaxta á húsnæðislánum. Reyndar hafa áhrifin verið enn víðtækari og Íslendingum bjóðast nú lánakjör á öðrum sviðum, svo sem almenn lífeyrissjóðslán og lán til bílakaupa á lægri kjörum en þekkt hefur um langt skeið. Flest erum við farin að finna áhrif þessa.

Annað umfangsmikið verkefni sem ráðuneytið lagði upp í ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga er verkefni sem gengur undir nafninu efling sveitarstjórnarstigsins sem ítarlega er fjallað um í fréttabréfinu. Ég bind vonir við að það verkefni nái fram að ganga því það er að mínu mati ein mesta byggðaaðgerð Íslandssögunnar og mikið er í húfi.

Megináherslur mínar í jafnréttismálum grundvallast á því að reyna að vinna gegn þeirri óþolandi staðreynd að fyrir hendi sé kynbundinn launamunur hér á landi. Ég hef sagt að hið opinbera eigi að ganga á undan með góðu fordæmi og uppræta þennan ójöfnuð. Nær allar

stofnanir ríkisins heyrir á einn eða annan hátt undir þá tólf ráðherra sem sitja í ríkisstjórn Íslands. Með einbeittum vilja tel ég okkur geta unnið að framgöngu þessa máls með því að hefjast handa í eigin ranni.

Síðast en ekki síst vil ég nefna málefni fatlaðra sem hafa verið mér sérstaklega hugleikin. Enda þótt ég sé mjög sáttur við þær framfarir sem orðið hafa hér á landi undanfarin ár og áratugi er ég fullviss um að enn má gera betur í málaflöknum. Lögin um málefni fatlaðra voru síðast endurskoðuð fyrir rúmum áratug, árið 1992. Í ljósi þess taldi ég fulla þörf á því að framfæri heildarendurskoðun á lögunum með það að markmiði að aðlagja þjónustu við fatlaða að kröfum samtímans og þeirri framtíðarsýn sem ég hef í málefnum fatlaðra. Að því er nú unnið og vonast ég til þess að við getum nýtt tæknina til að gera almenningi og hagsmunaaðilum kleift að koma skoðunum sínum á framfæri í gegnum Netið. En hér sem endranær er best að láta verkin tala, ég stefni að því að nýta tæknina stjórnsýslunni og almenningi í vil með nýjum hætti eins og meðal annars hefur verið gert með því að birta hljóðupptökur af ræðum mínum á Netinu þannig að sjónskertir geti kynnt sér þær. Það eru mannréttindi og ég vonast til þess að tæknin styrki stöðu fatlaðra enn frekar um ókomna tíð.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra


Staða á leigumarkaði hefur batnað mikið

Nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að yfirfara stöðu leigumarkaðar og gera tillögur um aukið framboð leiguíbúða hefur skilað niðurstöðum og tillögum. Viðfangsefni nefndarinnar var hluti af heildarstefnumörkun félagsmálaráðherra í húsnæðismálum. Samhliða áherslu á aukna möguleika til fjármögnunar íbúðarkaupa er lögð áhersla á að efla og styrkja leigumarkaðinn. Nefndin skilaði af sér með skilagreininni *Meginniðurstöður og tillögur nefndar, dags. 5. nóvember 2004*, þar sem fram kom meðal annars yfirlit yfir þær úttektir á leigumarkaðnum sem nefndin lét gera, helstu atriði er snúa að þróun leigumarkaðarins síðustu ár og tillögur nefndarinnar um hvernig efla megi leigumarkaðinn.

Nefndin lét útbúa sjálfstæða skýrslu *Íslenskur húsaleigumarkaður – Staða og horfur*, en þar er fjallað nánar um ýmis atriði leigumarkaðarinnar. Í greinargerðinni kemur meðal annars fram úttekt félagsmálaráðuneytisins á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá félagasamtökum og sveitarfélögum. Auk þess er birt yfirlit íbúðalánasjóðs yfir lánveitingar vegna sérstaks átaks í byggingu leiguíbúða. Nefndin fól IMG Gallup að gera könnun á íslenskum leigumarkaði í árslok 2003. Nefndin fól einnig Magnúsi Árna Skúlasyni, forstöðumanni Rannsóknarseturs í húsnæðismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst, að bera saman kosti þess og galla að leigja eða eiga íbúðarhúsnæði. Skýrslur nefndarinnar og tillögur er að finna á heimasíðu ráðuneytisins.

Niðurstöður og tillögur

Nefndin telur að staðan á leigumarkaðnum hafi batnað mikið síðustu ár. Framboð af nýjum leiguíbúðum hefur aldrei verið meira og nýir leigusalar hafa komið inn á leigumarkaðinn. Viðhorf til leiguíbúða hefur breyst á undanförunum árum samfara meiri hreyfanleika á vinnumarkaði, fjölgun erlendra




starfsmanna sem starfa hér á landi í lengri eða skemmri tíma og breyttu fjölskyldumynstri. Á síðustu árum hefur almennur leigumarkaður orðið mun virkari en áður og leiguhúsnæði orðið að nauðsynlegum valkosti í húsnæðismálum.

Nefndin telur húsaleigubótakerfið öflugt tæki til að efla leigumarkaðinn og álitur unnt að þróa það áfram til að efla aðstoð við þá sem lakast eru settir á leigumarkaðnum. Í þessu sambandi er bent á tilraunir Reykjavíkurborgar með sérstakar húsaleigubætur. Einnig telur nefndin koma til álita að veita stofnstyrki til byggingar leiguíbúða fyrir sérstaka hópa aldraðra, öryrkja og námsmanna. Í skýrslunni eru einnig ábendingar varðandi lækkingu byggingarkostnaðar, samræmingu stimpilgjalda og framboð af lóðum til byggingar leiguíbúða. Tillögur nefndarinnar eru til úrvinnslu í félagsmálaráðuneytinu.

Könnun IMG Gallup á íslenskum leigumarkaði

Nefnd um leigumarkað fól IMG Gallup að gera könnun á íslenskum leigumarkaði í árslok 2003. Meginniðurstöður eru þær að flestir leigjendur eru undir 35 ára aldri og eru einhleypir. Rúmlega 11% landsmanna á aldrinum 20–70 ára búa í leiguhúsnæði, en rúmlega 78% að meðaltali í eigin húsnæði, 9,6% búa í foreldrahúsum og um 1% í öðru húsnæði. Könnunin sýndi að 55% leigjenda hefðu fjölskyldutekjur undir 250.000 krónum á mánuði og að um 36% leigjenda væru einhleypir og barnlausir. Athygli vekur að 82,5% þátttakenda telja sig búa í öruggu leiguhúsnæði, en rúmlega 46% eru leigjendur þar sem þeir eiga ekki aðra kosti. Tæpur helmingur svarenda eða 46,6% fékk greiddar húsaleigubætur og var meðalfjárhæð þeirra um 13.114 krónur. Samkvæmt könnuninni telur meiri hluti leigjenda fremur auðvelt að fá leiguhúsnæði. Einnig



kemur fram jákvætt viðhorf til gæða húsnæðisins og viðhalds leigusala. Greinargerð IMG Gallup er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Endurskoðun atvinnuleysistrygginga

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða málefni er varða atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Markmiðið með endurskoðuninni er að tryggja stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi sem og gæði vinnumarkaðsaðgerða ásamt því að auka skilvirkni almennt.

Hlutverk nefndarinnar er einkum eftirfarandi:

- að endurskoða stjórnskipulag atvinnuleysistryggingakerfisins með aukna skilvirkni að markmiði,
- að endurskoða framkvæmd kerfisins, þar á meðal að skýra betur réttindi borgaranna til atvinnuleysistrygginga, svo sem skilyrði fyrir réttindum launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, skráningu, tryggingatímabil,

fjárhæðir, undanþáguheimildir og réttindi innan Evrópska efnahagssvæðisins, • að meta árangur vinnumarkaðsaðgerða frá árinu 1997 með hliðsjón af því hvort breytinga sé þörf á gildandi vinnumarkaðskerfi.

Í nefndinni sitja fulltrúar ráðherra, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka atvinnulífsins og fjármálaráðuneytisins.

Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum á vormánuðum og að frumvarp til nýrra laga á þessu sviði verði lagt fyrir þingið á komandi vetri.

Innflytjendur á Austurlandi og Vestfjörðum hafa áhuga á að læra íslensku betur og

taka ríkari þátt í samfélaginu

Fjölmeningarsetrið stóð fyrir könnun á viðhorfum og aðstæðum innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi á síðastliðnu ári. Könnunin var lögð fyrir innflytjendur sem þurfa atvinnu- og dvalarleyfi áður en komið er til landsins og tala pólsku, ensku, tailensku eða serbnesku/króatísku.



Filippseyskur dans stiginn á Þjóðahátíð á Seyðisfirði

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi hefur fjölgað um helming frá árinu 1995. Þá voru þeir 4.800 talsins en í árslok 2003 voru þeir 10.180. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi jókst frá 1,8% árið 1995 í 3,5% árið 2003. Skiptir því verulegu máli að þekking um aðstæður þeirra og viðhorf liggja fyrir um búsetu og vinnu, hvaðan fólkíð fær upplýsingar um réttindi sín og skyldur, menntun, starfsreynslu og fleira.

Fjölmargt fróðlegt kemur fram í niðurstöðunum, meðal annars að 39% svarenda hafa áhuga á að hefja eigin rekstur. Um 12% höfðu hafið undirbúning að því, sem bendir til þess að í hópnum sé mikið frumkvæði. Um 69% svarenda áttu börn og vekur sérstaka athygli að um 42% þátttakenda áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi/heimalandi viðkomandi. Um 39% svarenda bjó í eigin húsnæði og tæplega helmingur svarenda vildi búa á sama stað á Íslandi og hann býr nú. Þá er atvinnuleysi nánast óþekkt meðal hópsins en 93% eru á vinnumarkaði.

Mjög hátt hlutfall eða 88% svarenda taldi menntun sína ekki nýtast að fullu í núverandi starfi og fáir höfðu reynt að fá hana metna hér á landi. Helsta ástæðan var talin vera skortur á íslenskukunnáttu. Yfir 90% svarenda höfðu áhuga á því að læra meiri íslensku. Í ljós kom að 80% höfðu skrifað undir ráðningarsamning í núverandi starfi, en 62% þeirra höfðu ekki skilið samninginn að hluta eða að öllu leyti. Í meginatriðum

má segja að niðurstöðurnar bendi til að upplýsingum um réttindi og skyldur fólks er flyst til landsins sé ábótavant, að efla þurfi til muna íslenskukennslu og auka þurfi námsframboð.

Félagsmálaráðherra hefur kynnt helstu niðurstöður könnunarinnar í ríkisstjórn. Þar lagði hann til að sambærileg könnun yrði framkvæmd um allt land. Mennta-

málaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti hafa haft samráð um íslenskunám, þetta samstarf verður nú eflt og gert formlegra, en á þessu ári voru veittar 5 milljónir króna til að útfæra nánar íslenskukennslu fyrir útlendinga og hefur Kennaraháskóla Íslands verið falið að vinna það verk. Forsenda þess að innflytjendur nái góðri fótfestu í íslensku samfélagi er að þeir öðlist færni í íslenskrí tungu.

Rannsóknin var styrkt af Byggðastofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Alþýðusambandi Íslands og Vinnumálastofnun. Fjölmeningarsetur og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sömdu spurningalistann, Fjölmeningarsetrið sá um framkvæmd rannsóknarinnar og Félagsvísindastofnun um úrvinnsluna.

Unnt er að nálgast könnunina á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins: felagsmalaraduneyti.is og Fjölmeningarseturs: fjolemningarsetur.is.

Þess má að lokum geta að innan skamms eru væntanlegar tillögur starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði síðastliðið haust til að fjalla um heildarskipulag þjónustu við innflytjendur á Íslandi. Þar er meðal annars fjallað um aðgengi innflytjenda að upplýsingum um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur og túlkþjónustu.

Stækkun og efling sveitarfélaga:

Ein mesta byggðaaðgerð Íslandssögunnar

Fyrstu tillögur sameiningarnefndar átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins gera ráð fyrir umtalsverðri fækkun og stækkun sveitarfélaga, auk þess sem tillögur liggja fyrir um verkefnaflutning á velferðarsviði. Ef þessar hugmyndir ná fram að ganga er líklega um eina mestu byggðaaðgerð Íslandssögunnar að ræða.

Verkefnisstjórn átaksins lagði í apríl 2004 fram tillögur til aukinnar valddreifingar með verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga þar sem lögd er áhersla á skýra verkaskiptingu og að sveitarfélögin annist flesta nærþjónustu við íbúa, til dæmis á sviði velferðarmála.

Til að svo umfangsmikill verkefnaflutningur geti átt sér stað er nauðsynlegt að breytingar verði á sveitarfélagaskipan í landinu, en sveitarfélögin eru 101 talsins og rúmlega helmingur þeirra telur færri en 500 íbúa.

Sameining sveitarfélaga

Sameiningarnefnd átaksins kynnti fyrstu tillögur sínar um breytingar á sveitarfélagaskipan þann 30. september síðastliðinn, en þær gerðu ráð fyrir að sveitarfélögum gæti fækkaði úr 101 í um 40 í kjölfar sameiningarkosninga í apríl 2005.

Meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi mun hækka umtalsvert gangi þessar breytingar eftir, eða úr um 2.800 íbúum að meðaltali í sveitarfélagi í um 7.500.

Tillögurnar voru lagðar fram til kynningar og umsagnar, og var almenningi og sveitarstjórnnum gefið tækifæri til að senda nefndinni ábendingar og athugasemdir til 1. desember síðastliðins. Nefndinni bárust 96 umsagnir frá sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og íbúum. Nefndin fundaði auk þess sérstaklega með sveitarstjórnnum 14 sveitarfélaga til að ræða þá sameiningartillögu sem sveitarfélagið varðar.

Sameiningarnefndin hefur lokið vinnu við að fara yfir innsend gögn og hefur hún undirbúið endanlega tillögugerð til eflingar sveitarfélaga með það að markmiði að þau myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Dráttur hefur orðið á kynningu tillagnanna þar sem fulltrúar sveitarfélaga í verkefninu hafa talið nauðsynlegt að viðunandi niðurstaða fái úr viðræðum ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna sveitarfélaga áður en sameiningartillögurnar eru kynntar. Niðurstöðu úr þeirri vinnu er að vænta á næstu dögum.

Viðhorfskönnun sem IMG Gallup vann fyrir félagsmálaráðuneytið á afstöðu almennings til sameiningar sveitarfélaga gefur skýra niðurstöðu. Tveir af hverjum þremur landsmönnum eru hlynntir sameiningu. Mestur er stuðningurinn í sameinuðum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið hefur undanfarin misseri átt spurningu í spurningavagni IMG Gallup þar sem spurt er um afstöðu svarenda til sameiningar sveitarfélaga. Niðurstöðurnar eru mjög afgerandi en um 70% svarenda eru mjög eða frekar hlynnt sameiningu sveitarfélaga.

Þegar niðurstöðurnar eru greindar niður eftir búsetu má sjá að afstöðumunur er milli landshluta. Á öllum landssvæðum er þó meiri hluti íbúa hlynntur sameiningu sveitarfélaga nema í Vestmannaeyjum og sveitarfélögum á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar.


Áberandi er hversu mikill stuðningur er við sameiningu í sveitarfélögum sem hafa gengið í gegnum sameiningu síðastliðin ár. Yfir 70% svarenda í Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Skagafirði, Borgarfirði, Árborg og á Fljótsdalshéraði eru mjög eða frekar hlynnt sameiningu sveitarfélaga. Þær niðurstöður gefa vísbendingu um að íbúar séu ánægðir með þann árangur sem sameiningin hefur skilað þeim.

Sameiningar sveitarfélaga árið 2004

Síðastliðið ár fóru fram fjórar sameiningarkosningar í alls 14 sveitarfélögum. Öll sveitarfélögin utan eitt samþykktu sameiningu og mun sveitarfélögum því fækka í 95 árið 2006 þegar allar sameiningarnar hafa tekið gildi.

Samhliða forsetakosningunum þann 26. júní 2004 var kosið um tvær sameiningartillögur. Annars vegar um sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar og hins vegar um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Héraði, þ.e. Austur-Héraðs, Fellahrepps, Fljótsdalshrepps og Norður-Héraðs.

Tillaga um sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar var samþykkt með afgerandi meiri hluta í báðum sveitarfélögum. Athygli vekur að 87,2% kosningabærra íbúa



Ný sveitarfélagaskipan samkvæmt fyrstu tillögum sameiningarnefndar

í Hrísey samþykktu sameininguna sem tók gildi 1. ágúst síðastliðinn undir nafni Akureyrarkaupstaðar.

Íbúar Fljótsdalshrepps felldu aftur á móti naumlega tillögu um sameiningu við Austur-Hérað, Fellahrepp og Norður-Hérað. Sameiningin var samþykkt í hinum sveitarfélögunum þremur.

Sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, þ.e. Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs, samþykktu í kjölfarið sameiningu sveitarfélaganna, með vísan til heimildar í 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningar til nýrrar sveitarstjórnar fóru fram þann 16. október síðastliðinn og tók sameining sveitarfélaganna gildi 1. nóvember 2004. Sveitarfélagið hefur hlotið nafnið Fljótsdalshérað og er það landstærsta sveitarfélag landsins en telur um 3.300 íbúa.

Þann 20. nóvember var kosið um sameiningu sveitarfélaga á

tveimur svæðum í Norðvesturkjördæmi, annars vegar sunnan Skarðsheiðar í Borgarfirði og hins vegar í Austur-Húnavatns-sýslu.

Í báðum tilvikum var um sameiningu fjögurra dreifbýlishreppa að ræða. Annars vegar sameiningu Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps, Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandahrepps og hins vegar sameiningu Sveinsstaðahrepps, Torfalækjarhrepps, Bólstaðarhlíðahrepps og Svinavatnshrepps.

Sameining var samþykkt nokkuð afgerandi í öllum sveitarfélögunum og munu sameiningarnar taka gildi árið 2006.

Þegar allar ofangreindar sameiningar hafa tekið gildi verða sveitarfélög á Íslandi orðin 95 talsins. Meðalíbúafjöldi hefur hækkað úr tæplega 2.800 íbúum í hverju sveitarfélagi í rúmlega 2.900 íbúa.

Að eiga draum



Kristín Rós Hákonardóttir, sundkona og Ólympíumeistari



Kristín Rós við komuna til Íslands

Ólympíumót fatlaðra var haldið í Aþenu í september. Almenn umfjöllun um þetta mót í fjölmiðlum var frekar fábrotin og greinilegt að fréttir af þessu mótí höfðu annað og minna vægi en verið hafði á Ólympíuleikum ófatlaðra sem þá var nýlokið.

Þetta er sérstaklega athyglivert í ljósi þeirrar staðreyndar að á Ólympíumóti fatlaðra unnu Íslendingar til fjögurra verðlauna, einna gullverðlauna og þriggja silfurverðlauna. Það er jafnframt ljóst þeim sem til þekkja að engu minna þarf til að vera í fremstu röð á heimsmótum fatlaðra íþróttamanna en ófatlaðra. Íþróttamenn með fötlun eru þannig að keppa á sama grundvelli og aðrir. Afrek okkar fötluðu íþróttamanna hafa þó vakið athygli víða úti í heimi og er skemmst að minnast þess að nú í október útnefndi sjónvarpsstöðin Eurosport í samvinnu við Alþjóðaólympíuhreyfinguna Kristínu Rós Hákonardóttur íþróttakonu ársins í Evrópu í röðum fatlaðra ásamt breskum íþróttamanni.

Félagsmálaráðherra og fylgdarlið voru þeirrar ánægju aðnjótandi að kynna þessu frábæra liði, Kristínu Rós, Jóhanni og Jóni Oddi ásamt aðstoðarfólki og þjálfurum í nokkra daga í Aþenu meðan á Ólympíumóti fatlaðra stóð.

Fyrsta viðkyningin af hópnum við komuna til Aþenu gaf svo sannarlega tóninn um það sem síðar varð. Gleði og einbeiting skein úr hverju andliti. Það var greinilegt að þarna fór hópur sem hafði sett sér háleit markmið þar sem í engu skyldi hvíkað frá þeim. Samt sem áður var það yfirvegum og ró ásamt ríkri einbeitingu sem einkenndi allt yfirbragð. Það var einnig upplifun af ríkri fjölskyldutilfinningu þar sem gagnkvæm virðing og væntumþykja einkenndi samskiptin þar sem hagar eins var hagar allra. Allir voru mikilvægir, allir skiptu máli, allir voru samferða og allir skyldu hafa gaman af ævintýrinu, og nú var komið að því að njóta uppskerunnar. Það var ljóst að keppendur höfðu svo sannarlega haft fyrir því að komast á þennan áfangastað. Það var til dæmis upplýst í blaðaviðtali við Kristínu Rós nýlega að keppni á mótum fatlaðra íþróttamanna gerist æ harðari, enda hafði hún æft tíu sinnum í viku, alla daga vikunnar í heilt ár fyrir mótið í Aþenu. Svipaða sögu er af Jóhanni og Jóni Oddi að segja.

Á þriðja degi tók alvaran við þegar Jóhann Rúnar keppti í borðtennis í Galatsi-höllinni sem tekur um það bil fjögur þúsund manns í sæti. Jóhanni gekk vel og var sér og landi sínu til sóma þar sem hann keppti meðal annars við ólympíumeistarann. Íslenska fjölskyldan með félagsmálaráðherra í broddi fylkingar fylktu sér í klappliðið og stuðningshrópin bergmáluðu í höllinni.

Að kveldi fjórða dags bauð félagsmálaráðherra keppendum, þjálfurum og öðru aðstoðarfólki til kvöldverðar þar sem Akropolis stóð flóðlýst í bakgrunni og skóp samkvæminu þá virðingu sem það átti skilið. Ráðherra hélt af þessu tilefni ræðu þar sem hann lýsti yfir aðdáun sinni á íslenska liðinu þannig að ekki fór á milli mála að hann var kominn í hóp dyggra stuðningsmanna til framtíðar.

Daginn eftir kvaddi ráðherra og fylgdarlið Aþenu eftir vel heppnaða heimsókn sem veitt hafði afar góða innsýn inn í heim fatlaðra íþróttamanna og hversu mikils virði íþróttir geta verið í lífi þeirra. Því miður gafst ekki tækifæri til þess að fylgjast með frækilegri frammistöðu Jóns Odds í 100 m og 200 m hlaupi þar sem hann hlaut silfurverðlaun fyrir hvort tveggja. Jón sýndi það í allri sinni framgöngu á mótinu, innan vallar sem utan, að hann er góð fyrirmynd fyrir alla.

Meðan á dvölinni stóð fór ráðherra í skoðunarferð um Ólympíuþorpið þar sem íþróttamennirnir bjuggu og kynnti sér aðstæður. Þorpið höfðu Grikkir byggt upp frá grunni og var það engin smásmíði þar sem allt var til alls. Strætó, bíó, tölvuver, líkamsrækt og matartjald sem tók þrjú þúsund manns í sæti. Það sem gerði heimsóknina einnig sérstaka var að í þessu þorpi var stærstur hluti íbúanna fatlaður. Það var holl upplifun fyrir þá sem ekki voru fatlaðir að kynna slíkum aðstæðum.

Á fimmta degi tók sundkeppnin við í Aquatic-höllinni og þar steig Kristín Rós á stökk á sínu fimmta Ólympíumóti og stakk sér til sunds. Þegar upp var staðið hafði hún unnið til einna gullverðlauna og einna silfurverðlauna auk þess að setja eitt heimsmet. Þvílíkur styrkur og þvílíkur baráttuandi hjá einum íþróttamanni en allan tímann sýndi hún mikla yfirvegum.

Þegar framganga okkar fulltrúa á Ólympíumótinu er skoðuð vaknar sú spurning hvort við Íslendingar gerum okkur raunverulega grein fyrir því hve miklum árangri okkar fötluðu íþróttamenn eru að ná á heimsvísu. Það má því í beinu framhaldi velta því fyrir sér hvort fatlaðir íþróttamenn eigi einhvern möguleika yfirleitt að verða kosnir í fremstu röð allra íþróttamanna á Íslandi.

Hefði það ekki þótt augljóst að íþróttamaður sem hefur unnið til verðlauna á fjórum Ólympíumótum yrði valinn íþróttamaður ársins?

Malaví nýtur góðs af reynslu Íslands

Frá árinu 1989 hafa íslensk stjórnvöld tekið þátt í þróunarstarfi í Malaví. Flatarmál þessa fátækasta ríkis í Afríku er 118.000 ferkílómetrar eða heldur meira en flatarmál Íslands. Íbúafjöldinn er hins vegar mun meiri eða rúmlega 12 milljónir. Kunnáttu í lestri og skrift er mjög ábótavant. Talið er að einungis 60% íbúa eldri en 15 ára séu læsir. Skriftarkunnátta er enn slakari. Um 80% búa í dreifbýli sem er svipað hlutfall og um aldamótin 1900 á Íslandi. Í október árið 2003 var endurnýjaður samstarfssamningur milli stjórnvalda á Íslandi og í Malaví. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur umsjón með framkvæmd hans.

Félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, fór í opinbera heimsókn til Malaví árið 2004. Í ferðinni hitti hann ráðherra jafnréttismála og samfélagsþjónustu, frú Joyce Banda. Við það tækifæri var undirrituð yfirlýsing um samstarf ráðuneytanna tveggja. Í framhaldi af yfirlýsinguinni bauð félagsmálaráðherra tveimur starfsmönnum malavíska ráðuneytisins í kynnis- og námsferð til Íslands. Tilfararinnar völdust Penston S. Kilembe skrifstofustjóri og Namagonya sérfræðingur. Þeir komu til Íslands 28. nóvember sl. og dvöldu hér á landi til 5. desember.

Dagskrá hinna malavísku gesta var bæði löng og ströng. Hún hófst með fundi með félagsmálaráðherra, Árna Magnússyni, mánudaginn 29. nóvember. Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri kynnti fyrir gestunum starfsemi félagsmálaráðuneytisins og meginlínur félagslega kerfisins á Íslandi.

Félagsleg hlið umönnunar vakti athygli

Alnæmi er mjög útbreiddur sjúkdómur í Malaví. Það var því sérstök ósk gestanna að fá tækifæri til að kynna aðgerðum Íslendinga gegn þessum vágesti sem heggur stór skörð í raðir ungra Afríkubúa sem eiga að leiða þjóðir þessarar stóru heimsálfu til betra lífs. Í þessu skyni var farið heimsókn til Landlæknisembættisins.

Á móti gestunum tóku Sigurður Guðmundsson landlæknir og

Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Landlæknir fór yfir skipulag íslenska heilbrigðiskerfisins. Haraldur rakti síðan hvernig staðið hefur verið að vörnum gegn HIV-smíti og alnæmi síðan fyrsta tilfellið af HIV-smíti greindist hér á landi árið 1983. Einnig lýsti Sigurlaug Hauksdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá embættinu, hvernig þjónustu við HIV-smítaða og alnæmisjúklinga er háttað hér á landi þegar sjálfri læknisþjónustunni sleppir.

Í spjalli gestanna og starfsfólks Landlæknisembættisins kom fram að þeim fyrrnefndu þótti forvitnilegt að heyra hversu mikil áhersla er lögð á félagslegu hliðina í umönnun þessa sjúklingshóps á Íslandi og sögðu slíkt eiga langt í land í Malaví þar sem heilbrigðisþjónustan og félagsleg þjónusta væru algerlega aðgreindar. Hvor tveggja ætti reyndar erfitt uppdráttar vegna fátæktar landsins og menntunarskorts.

Lífslíkur kvenna 39 ár, karla 37

Fram kom hjá gestunum að heilbrigðisástandið í Malaví er afar bágborið og HIV-smít og alnæmi breiðast hratt út. Hafa lífslíkur í landinu minnkað svo um munnar á síðustu árum og eru nú komnar niður í 39 ár hjá konum og 37 ár hjá körlum. Um 900 þúsund manns eru smítaðar af HIV eða eru með alnæmi og flestir sem deyja úr sjúkdómnum eru á besta aldri, 24–49 ára. Aðgengi að lyfjum er mjög takmarkað

og dreifing þeirra miklum erfiðleikum bundin. Sú stefna ríkir að atvinnurekendur útvega starfsmönnum og mökum þeirra lyf, viti þeir um sýkinguna, en börn starfsmanna fá engin lyf.

Erfiðlega gengur að fræða fólk um smitleiðir og forvarnir gegn HIV-smíti við þessar kringumstæður. Fátæktin ræður því til dæmis að talsvert er um að ungar stúlkur séu sendar út af örkinni til að afla tekna og fljótverkasta tekjuöflunarleið þeirra er oft vændi. Slíka siði væri erfitt að uppræta, sögðu malavísku gestirnir. Einnig væru fordómar útbreiddir og algengast að fólk greindi engum frá HIV-smíti sínu. Þeir töldu báðir að fyrsta skrefið í baráttunni gegn þessum vágesti væri að ráðast gegn ólæsinu.



Grunnskólastúlkur Namazisi í Malaví

Áhersla á jafnrétti í Malaví

Í Malaví er rík áhersla lögð á jafnrétti kvenna og karla. Af þessu var tekið mið við skipulagningu heimsóknarinnar. Farið var með gestina í heimsókn til Akureyrar þar sem starfsfólk Jafnréttisstofu gerði grein fyrir skipulagi jafnréttismála á Íslandi. Einnig var farið í heimsókn í Kvennaathvarfið og til Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Gestirnir heimsóttu enn fremur Tryggingastofnun ríkisins og var farið með gestina á vettvang í heilsugæslumiðstöð. Fyrir valinu varð miðstöðin á Akureyri.

Málefni fatlaðra voru gestunum hugleikin. Heilsað var upp á vistmenn að Sólheimum og komið við í móttöku sem haldin var í tilefni þess að félagsmálaráðherra opnaði 3. desember síðastliðinn nýja viðbót við vinnu- og hæfingarmiðstöð fyrir fatlaða en hún er til húsa að Gagnheiði 39 á Selfossi.

Það er ljóst af framansögðu að gestirnir frá Malaví nýttu vel heimsóknina til að kynna sér það mikilvægasta á því sviði sem flokkast til félagsmála á Íslandi.

Malaví á mikið undir þróunaraðstoð

Malaví er í hópi fátækustu ríkja heimsins. Talið er að um

65% þjóðarinnar lifi á minna en einum Bandaríkjadal á dag. Landbúnaður er mikilvægasti atvinnuvegur landsmanna. Auk hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu, til dæmis á maís, er nokkuð ræktað af kaffibaunum og tóbaksplöntum.

Afraksturinn ræðst af veðri og vindum. Algennt hitasig er frá um 20 gráðum að vetri og allt yfir 35 til 40 stig að sumarlagi. Þurrkur árið 2002 var landbúnaði þungur í skauti. Hann rétti nokkuð úr kútnum árið 2003 en þá var uppskera á maís sérstaklega góð. Þróunaraðstoð Íslands hefur einkum beinst að því að draga úr fátækt og greiða fyrir félagslegum umbótum. Megináherslan hefur beinst að skólakerfinu. Íslensk stjórnvöld hafa heitið stuðningi við að hrinda í framkvæmd þeirri stefnu stjórnvalda að ljúka

uppbyggingu grunnskólakerfisins fyrir árið 2015. Í þessu skyni hafa Íslendingar lagt áherslu á stuðning við grunnskóla á Mangochi-svæðinu. Þess má geta að félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, opnaði fyrr á þessu ári nýjan grunnskóla á svæðinu sem Íslendingar höfðu kostað. Íslendingar leggja Malavímönnum líð að því er varðar hagnýtingu fiskistofna í Malavívatni sem er þriðja stærsta stöðuvatn í Afríku. Líður í því er stuðningur við sjávarútvegsbraut landbúnaðarháskólans í Bunda. Nánari upplýsingar um þróunaraðstoð Íslands við Malaví er að finna á heimasíðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: iceida.is.



Árni Magnússon félagsmálaráðherra og dr. Bingu wa Mutherika, forseti Malaví



Félagsmálaráðherra ásamt frú Joyce Banda, jafnréttis- og félagsmálaráðherra Malaví

Árið 2004 höfðu Íslendingar með höndum formennsku í Norrænu ráðherranefndinni undir yfirskriftinni *Auðlindir Norðurlanda*. Þar var vísað til þeirra margþættu auðlinda, bæði mannauðs og náttúruauðlinda, sem saman mynda undirstöður velferðarinnar. Lögð var áhersla á að nýta fjölbreyttar auðlindir og styrkja þannig velferð og tryggja framsókn.

Félagsmálaráðherra fór fyrir norrænu samstarfi á sviði jafnréttismála. Í formennskuáætlun Íslands var meðal annars lögð áhersla á að vinna að verkefnum er lúta að rannsóknum og aðgerðum til að draga úr kynbundnum launamun og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Félagsmálaráðherra hafði frumkvæðið að verkefninu *mælistikur á launajafnrétti* (På sporet av likelön) og var það annað af tveimur megináhersluatriðum í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum árið 2004. Norræna ráðherranefndin veitti 700.000 danskar krónur eða 8.400.000 krónur í rannsóknaverkefnið. Rannsóknin er samstarfsverkefni á vegum bæði vinnumálaráðherra og jafnréttisráðherra Norðurlandanna. Verkefnisstjóri er dr. Lilja Mósesdóttir, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst, en Jafnréttisstofa sér um umsýslu verkefnisins.

Meginmarkmið verkefnisins er að bæta norrænar tölfræði-upplýsingar þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Hópurinn mun greina tölfræðiupplýsingar um laun karla og kvenna á Norðurlöndunum og setja fram tillögur að úrbótum, meðal annars varðandi samræmingu skilgreininga og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga og með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa Evrópusambandsins á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun.

Annað mikilvægt verkefni er unnið á árinu að tilhlutan Íslands en það er í verkefnið *Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrifum þess á jafnrétti karla og kvenna* (Nordiska erfaringar av föräldraorlov och dess innverkan på likestilling mellan kvinnor och män). Ingólfur V. Gíslason, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, hefur yfirumsjón með verkefninu.

Þáttur í norrænni samvinnu til að ná jafnrétti karla og kvenna er að bæta möguleika kynjanna til að sameina virka þátttöku á vinnumarkaði og fjölskyldulíf. Margar athuganir á Norðurlöndunum hafa sýnt að því fer fjarri að staðan sé viðunandi hvort heldur litið er til jafnréttis karla og kvenna eða möguleikanna til að sameina þátttöku á vinnumarkaði og fjölskyldulíf. Markmið þessa verkefnis er að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvað áhrif hún hefur haft.

Vonir eru bundnar við að verkefnið skili aukinni þekkingu á því samspili löggjafar og menningar sem ýmist viðheldur eða breytir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og í fjölskyldulífi.

Á fundi jafnréttisráðherranna í september var rætt um jafnlaunamál og fæðingarorlof. Ákváðu ráðherrarnir að vinna að nýrri samstarfsáætlun sem taka skal gildi frá og



Félagsmálaráðherra ávarpar gesti á hátíðarfundinum í Borgarleikhúsinu

með árinu 2006 og jafnframt var samþykkt tillaga um að annað hvert ár skuli lögð fram skýrsla um samþættingu kynja- og jafnréttisjónarmiða í norrænu samstarfi. Skýrslan var kynnt af Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og norska jafnréttisráðherra Lailu Dávøy á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi 1. nóvember síðastliðinn. Í september var jafnframt haldinn sameiginlegur fundur jafnréttisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, en þeir samþykktu á fundi sínum nýja samstarfsáætlun fyrir árin 2004–2006.

Í tilefni 30 ára samstarfs Norðurlandanna að jafnréttismálum skipulagði félagsmálaráðuneytið hátíðarfund sem haldinn var í Borgarleikhúsinu 24. september 2004 undir yfirskriftinni *Norrænt jafnréttissamstarf í 30 ár – hvar stöndum við, hvert stefnum við?* Hátíðarfundurinn var öllum opin en norrænir ráðherrar og ráðherrar frá Eystrasaltslöndum tóku þátt, ásamt meðal annars frú Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og Törju Halonen Finnlandsforseta. Einnig voru á dagskránni pallborðsumræður með þátttakendum frá öllum Norðurlöndunum, Færeyjum og Álandseyjum. Þeim stýrðu

Formennskuár Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004

Jafnréttismál

Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar, og Thomas Alslev Christensen, framkvæmdastjóri hjá Norrænu ráðherranefndinni. Í pallborðinu var staða jafnréttismála á Norðurlöndum í fortíð og nútíð rædd og sjónum jafnframt beint til framtíðar. Formaður undirbúningsnefndar vegna hátíðarfundarins var Jónína Bjartmarz alþingismaður.

Konur og karlar á norrænum vinnumarkaði var efni norrænnar ráðstefnu sem haldin var 11. og 12. nóvember í Reykjavík. Þema ráðstefnunnar var kynjaskipting vinnumarkaðarins og sérstaklega var sjónum beint að karlmönnum í kvennastörfum. Fluttir voru tíu fyrirlestrar á ráðstefnunni en dagskrá hennar má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu: jafnretti.is.

Dagana 13. og 14. nóvember skipulagði Jafnréttisstofa fjölþjóðlegu ráðstefnuna *Kyngervi umhverfi og samfélagsþróun á norðurslóðum*. Þar var rætt hversu íbúar á norðurslóðum eru háðir náttúruauðlindum, en Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á að sjálfbær þróun náist ekki án jafnréttis kynjanna. Meðal þess sem kom skýrt fram á ráðstefnunni er hversu

mikilvægt það er að hafa jafnrétti að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir fyrir samfélögin í norðri. Flótti kvenna úr minni sjávarplássum og landbúnaðarsamfélögum er alvarlegt vandamál sem taka þarf á. Því er mikilvægt að greina samspil kyngervis og samfélagsþróunar til að geta stuðlað að farsæld í norðlægum byggðum. Markmið ráðstefnunnar var að skapa umræður, stuðla að samstarfi og hvetja til þess að hugmyndir, reynsla og niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í mismunandi löndum og landsvæðum séu hafðar að leiðarljósi þegar teknar eru pólitískar ákvarðanir. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum á Akureyri og dagskrá hennar má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu: jafnretti.is.

Á formennskuárinu hefur umsýsla með heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál verið á vegum félagsmálaráðuneytisins. Á síðunni birtast meðal annars fregnir af því sem efst er á baugi hvað jafnrétti á Norðurlöndunum varðar, þar birtast tilkynningar um ráðstefnur og málþing, tölfræðilegar upplýsingar og nýttkomið efni sem tengist jafnréttismálum. Slóð síðunnar er: gender.norden.org.

Vigdís Finnbogadóttir
í Borgarleikhúsinu í september.

Heimspekkir karlar skikkaðir á ráðstefnu



Hátíðarfundurinn í Borgarleikhúsinu var öllum opinn og meðal frummælenda á hátíðarfundinum voru frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og frú Tarja Halonen, forseti Finnlands.

Vigdís Finnbogadóttir hóf mál sitt á því að nefna að mikill meiri hluti gesta í salnum voru konur. Vigdís sagðist í gegnum árin hafa haft það sem drifkraft að reyna að sannfæra heiminn um að konur geti gert allt jafn vel og karlar. Því spyrði hún sig að því hvers vegna í ósköpunum konur væru alltaf meiri hluti þeirra sem sendur væri á fundi þar sem staða konunnar í samfélaginu væri rædd. Þá nefndi Vigdís að kvennabarátta fjallaði um mannréttindi og velti því fyrir sér hvernig lýðræðinu væri í raun háttáð á Norðurlöndum. Hún talaði einnig um kynjahlutföll í leiðandi stöðum, þar sem einungis 20% eru konur, á meðan konur eru í meiri hluta þeirra sem ljúka háskólaprófi. Í lok ræðu sinnar kynnti Vigdís hugmynd sem hún

kvað hafa kviknað hjá sér fyrir örfáum árum. Sú hugmynd fjallar um að halda alþjóðlega ráðstefnu þar sem þemað væri mannréttindi kvenna. Það sem yrði óvenjulegt við ráðstefnuna væri að karlmenn yrðu einu þátttakendurnir. Og ekki hvaða karlmenn sem væru. Nei, Vigdís vill að heimspekkir menn á öllum sviðum, menn sem hlustað er á um víða veröld, taki þátt. Þetta sagði Vigdís að myndi valda titringi hjá þeim ráðamönnum heimsins sem ávallt eru tilbúnir að ræða hlutina í alþjóðlegu samhengi án þess að rödd kvenna heyrst nokkurs staðar.

Tarja Halonen ræddi meðal annars hversu langt Norðurlöndin hafa náð á jafnréttissviðinu með ærinni vinnu. Hún sagði norræna samvinnu vera mikilvægt afl hvað varðaði jafnréttisbaráttuna og að þrjátíu ára samvinna hefði skilað miklu. Þó væru ákveðin vandamál enn óleyst og að stöðugt spryttu upp ný sem þyrfti að leysa. Tarja Halonen sagði

norræna velferðarþjóðfélagið besta vin konunnar. Án velferðarþjóðfélags næðist ekki jafnrétti og án jafnréttis væri ekki hægt að tala um velferð. Þá ræddi Finnlandsforseti um aukna menntun kvenna en nú lýkur mikill fjöldi kvenna doktorsprófi. Af þessum sökum njóta Norðurlönd aðdáunar í Evrópu og víðar í heiminum. Engu að síður væri enn til staðar kynbundinn launamunur sem væri óásættanlegur og í Finnlandi væri launamunur kynjanna jafnvel að aukast. Tarja Halonen nefndi einnig kynjaskiptan vinnumarkað og verkaskiptingu á heimilum sem eitthvað sem þurfi að vinna í að breyta. Þá kom hún inn á mansal og vændi sem og annað ofbeldi gegn konum og sagði að vinna þyrfti markvisst að því að fyrirbyggja ofbeldi. Í lokin nefndi Finnlandsforseti að allt samfélagið græddi á því að konur og karlar hefðu jöfn réttindi og jöfn tækifæri til að nýta eigin þekkingu og menntun. Til að koma á jafnrétti þyrfti að brjóta upp hin hefðbundnu hlutverk kynjanna.

Nýr ráðuneytisstjóri
er Ragnildur Arnljótsdóttir

Stór ákvörðun



Ragnildur Arnljótsdóttir var skipuð ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu til næstu fimm ára þann 15. september sl. Ragnildur er 43 ára að aldri og lögfræðingur að mennt. Hún starfaði að loknu stúdentsprófi hjá Ríkisútvarpinu og eftir lögfræðipróf meðal annars á Alþingi frá 1993–1995 og í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1995–2002. Síðastliðin tvö ár hefur hún starfað í sendiráði Íslands í Brussel sem fulltrúi félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Hún hefur því kynnst störfum sem lögfræðingur bæði á vettvangi löggjafans og stjórnarráðsins og tekið virkan þátt í alþjóðastarfi á vettvangi norræns samstarfs, Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna og nú síðast á vettvangi EFTA og Evrópusambandsins. Ragnildur var formaður Lögfræðingafélags Íslands árin 1999–2002.

„Sú ákvörðun að sækjast eftir embætti ráðuneytisstjóra var stór, og ég þurfti áður en ég tók hana að skoða minn innri mann, fara yfir það sem ég hef fengist við og það kom mér í raun á óvart hve margt af því sem ég hef gert tengist þessu embætti,“ segir Ragnildur. Hún hefur meðal annars starfað með sérfræðinganefndum, bæði hér á landi og á vegum Evrópusambandsins, og unnið að verkefnum sem tengjast til dæmis húsnæðismálum, málefnum fatlaðra og öryrkja, sveitarstjórnarmálum, vinnurétti og vinnuvernd, jafnréttismálum, fæðingar- og foreldraorlofsmálum, barnaverndarmálum og félagsmálum. Ragnildur segir að margt sé líkt með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, bæði ráðuneytin fari með málaflokka sem varði beina þjónustu við borgarana og tilteknir málaflokkar skarist beinlínis þegar félagsmál og heilbrigðismál séu annars vegar.

Ragnildur er gift Ástvaldi Jóhannssyni, viðskiptafræðingi og MBA, framkvæmdastjóra stjórnunarviðs Össurar Europe hf. í Eindhoven í Hollandi. Börn þeirra eru Arnljótur fæddur 1983, laganemi á 2. ári við Háskóla Íslands, Jóhann Páll fæddur 1991, nemi í Hagaskóla, og Ásthildur Emma fædd 1996, nemi í Grandaskóla.

Ragnildur er fædd á Húsavík árið 1961 og uppalin þar. Foreldrar hennar eru Arnljótur Sigurjónsson rafvirkjameistari og Ásta Jónsdóttir húsmæðrakennari.

Félagsmálaráðherra eflir stöðu og réttindi foreldra langveikra barna:

Réttindum foreldra langveikra barna umbylt

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Árna Magnússonar félagsmálaráðherra um að stórefla og styrkja rétt foreldra langveikra barna. Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingsmanns. Gert er ráð fyrir því að foreldrar langveikra eða fatlaðra barna eigi rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði þegar börnin veikjast eða greinast með alvarlega fötlun. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því þegar um mjög alvarleg veikindi er að ræða eða mjög alvarleg fötlun greinist að þessar greiðslur komi til í allt að níu mánuði.

„Ég mun beita mér fyrir því að þessar tillögur komist sem fyrst til framkvæmda enda er það skoðun mín að mikilvægt sé að samfélagið í heild, bæði ríkisvaldið og samtryggingakerfi aðila vinnumarkaðarins, komi til móts þær fjölskyldur sem lenda í aðstæðum sem hér eru til umræðu“, sagði Árni Magnússon þegar hann svaraði Jóhönnu á Alþingi. Og hann bætti við: „Okkur ber beinlínis skylda til þess að taka á þessum málum og það er verið að gera nú.“

Félagsmálaráðherra benti einnig á að greiðslur frá ríkinu einar og sér tryggðu ekki foreldrum langveikra barna leyfi frá störfum sínum. Af þeim sökum hefði ríkisstjórnin einnig samþykkt að leggja til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof á þann hátt að foreldrar geti tekið foreldraorlof vegna barna til átján ára aldurs, en í núgildandi lögum miðast

þessi réttur við átta ára barn. Þetta þýðir að foreldrar geti nýtt allt að 13 vikna foreldraorlof vegna veikinda barns til átján ára aldurs þess í stað átta ára aldurs. Árni Magnússon gaf sterklega til kynna að þetta væri aðeins fyrsta skrefið og til greina komi að halda áfram eflingu réttar foreldra langveikra barna jafnt gagnvart vinnumarkaði sem og umönnunarþættinum.

Stuðningur stjórnarandstöðu

Það er sjaldheyrð í seinni tíð að stjórnarandstaða taki höndum saman vegna mála sem stjórnarþingmenn eða ráðherrar flytja. Það gerðist þó þennan miðvikudag í febrúar og Jóhanna Sigurðardóttir sagði þetta merkan dag. Í svipaðan streng tóku aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar. Þá mátti greina afar mikla ánægju hjá forsvarsmönnum samtakanna sem standa að málefnum langveikra barna. Þannig sagði til að mynda Ragna K. Marteinsdóttir, formaður Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, að stuðningur af þessu tagi í þrjá mánuði gæti hreinlega skipt sköpum þegar eitthvað kæmi upp á af þeirri stærðargráðu sem hér er verið að tala um. Greina mátti á svörum forsvarsmanna þessara samtaka, í dagblöðum, að þeim þætti vænt um tillögurnar en lögðu þó út frá því að þetta væri vonandi bara byrjunin og enn betur yrði gert síðar. Það mátti heyra á félagsmálaráðherra að fullur hugur væri til að skoða það í framhaldi málsins.

Ný lög um húsnæðismál

Hinn 4. desember sl. tóku gildi ný lög nr. 120/2004 um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Jafnframt hafa verið gefnar út tvær reglugerðir sem fela í sér breytingar á lánveitingum Íbúðalánasjóðs. Annars vegar er um að ræða nýja reglugerð um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, nr. 959/2004, sem kemur í stað reglugerðar nr. 521/2004 um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa. Hins vegar er um að ræða reglugerð nr. 958/2004 um breytingu á reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, og um leið er felld úr gildi reglugerð um viðbótarlán, nr. 783/1998, með síðari breytingum. Báðar reglugerðirnar tóku gildi 6. desember sl.

Eftir þessar breytingar er hámarkslán Íbúðalánasjóðs 14,9 m.kr. en var áður 11,5 m.kr. Lánshlutfall getur þó mest orðið 90% af kaupverði íbúðar eða byggingarkostnaði þegar um nýbyggingu er að ræða. Lán verður aldrei hærra en sem nemur brunabótamatsverði íbúðar. Fjárhæðir og lánshlutfall miðast við að ÍLS-veðbréf hvíli á fyrsta veðrétti ella koma áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og önnur framar áhvílandi lán til frádráttar hámarksfjárhæð.

Til að hægja á uppgreiðslu eldri lána hefur Íbúðalánasjóði verið heimilað að fallast á veðsetningu á undan öðrum áhvílandi lánnum sjóðsins en ÍLS-veðbréfum, svo fremi sem sameiginleg uppreiknuð fjárhæð eftirstöðva lánsins og nýs láns er ekki hærra en hámarkslán Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma. Einnig þarf sú fjárhæð að rúmast innan matsverðs eignarinnar og brunabótamats skv. 30. gr. og fara ekki yfir 90% af markaðsvirði eignarinnar.

Í kjölfar lagabreytinganna breyttist framkvæmd greiðslumats Íbúðalánasjóðs þannig að nú geta allir gert sitt eigið rafrænt greiðslumat á vefnum. Greiðslumatið er á nýjum vef Íbúðalánasjóðs: [ibudalan.is](#).

Vefurinn [ibudalan.is](#) er samstarfsverkefni Íbúðalánasjóðs, Félags fasteignasala og sparisjóðanna, en sparisjóðirnir bjóða nú lán á hagstæðum kjörum á eftir hámarksláni Íbúðalánasjóðs. Lán Íbúðalánasjóðs og sparisjóðanna er 90% af kaupverði íbúðar og getur orðið samtals allt að 25 m.kr.

Þá hefur Íbúðalánasjóður boðið öðrum bönkum að taka þátt í samstarfsverkefninu um [ibudalan.is](#).